


Skil á hlutafjárupplýsingum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjárupplýsingum vegna ársins 2017. Skila skal þessum upplýsingum með **rafrænum hætti** í gegnum gagnaskilakerfi RSK á þjónustusiðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2017, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2017 og **staðgreiðslu fjármagnstekju-skatts** af honum. Upplýsingunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2017. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2018**.

Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil þeirra á skattframtali 2018.



Aðgangur að gagnaskilakerfi RSK er í gegnum þjónustusiðu lögaðila á www.skattur.is og krefst rafrænna skilríkja eða veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.